

Fundargerð



Aðalfundar Náttúruverndarsamtaka Austurlands 2011 Egilsstöðum 14. apríl 2012

Fundarsetning: **Ásta Þorleifsdóttir**
Fundarstjóri: **Rósa Björk Halldórsdóttir**
Ritari: **Kristín Jónsdóttir**
Mættir voru 23 félagsmenn

Gengið til dagskrár

1. Skýrsla formanns fyrir hönd stjórnar – Ásta Þorleifsdóttir

Punktur úr skýrslu formanns um störf samtakanna:

- Félagið var endurvakið á árinu og sett upp vefsíða www.nattaust.is þar sem er að finna allar upplýsingar um NAUST og það sem er á döfinni. Félagið nú netfangið nattaust@gmail.com
- Haldin vorráðstefna um náttúruvernd og fræðslukvöld á *Dögum myrkurs*
- Tíu stjórnarfundir haldnir á árinu, flestir í fjarfundi, auk tölvusamskipta.
- Þátttaka félagsins í ýmsum verkefnum þ.m.t.:
 - Þátttaka í svæðisráði Vatnsjökulsþjóðgarðs.
 - Þátttaka í umsögn um Rammaáætlun um nýtingu og verndun vatnsafls og jarðvarma.
 - Umsagnir m.a. um lög og reglugerðir; um stjórn vatnamála, veiðar á villtum dýrum og náttúruverndarlög ofl.
 - Innlegg m.a. á ársfundi Náttúrustofanna og um veiði í Vatnajökulsþjóðgarði.
 - Tók þátt í samráðshópi Umhverfisráðuneytisins um náttúruvernd og undirbúningi Náttúruverndarþings þann 28. apríl nk.
 - Samtökin hafa átt fulltrúa í nefndum og ráðum á vegum stjórnvalda í samstarfi við önnur félög.
- Samtökin veittu heiðursverlaun NAUST *Bláklukkuna* í fyrsta sinn fyrir vel unnin félagsstörf í þágu náttúruverndar. Verðlaunin hlaut Hálfván Björnsson frá Kvískerjum.
- Mál sem NAUST lét sig varða eru m.a.:
 - Verndun og velferð hreindýr, minnt á ábyrgð sveitastjórna á ástandi girðinga sem geta haft hættu í för mér sér fyrir menn og dýr. Fengu fjölmiðla í lið með sér.
 - Áætlun um byggingu laxastiga við Steinbogann í Jökulsá í Jöklu. Svæðið er á náttúruminjaskrá.
 - Friðlýsingu svæða á Austurlandi
 - Forvarnir á viðkvæmum, fjölförnum ferðamannastöðum
- Grænlenk náttúruverndarsamtök óskuðu eftir að heyra um reynslu Íslendinga af álvers- og virkjunarframkvæmdum vegna fyrirhugaðra framkvæmda í Maniitsoq.



- Stefnt er að því að gera og gefa út bækling með fræðslu fyrir grunnskólabörn um náttúru og náttúruvernd.



2. Reikningar félagsins – Hjalti

- Reikningar lagðir fram og samþykktir. Félagið á smá sjóð.

3. Lagbreytingar

- Þarf að athuga hvort til er nýrri útgáfa af lögum samtakanna á Héraðsskjalasafni.

4. Kosningar – Ásta Þorleifsdóttir lagði fram tillögu uppstillinganefndar sem var samþykkt

- Í stjórn voru kosin:
 - Skúli Benediktsson
 - Kristín Jónsdóttir
 - Hildur Þórðardóttir
- Til vara:
 - Jónína Óskarsdóttir
 - Þórhallur Þorsteinsson

5. Ákvörðun árgjalds og gjalda styrktaraðila

- Tillögur um gjöld voru samþykktar og verði sem hér segir:
 - Árgjald einstaklinga kr. 1.500,-og fjölskylduaðild kr. 2.000,-
 - Styrktaraðild fyrirtækja kr. 5.000,-
 - Framlag sveitarfélaga með < 1.000 íbúa kr. 10.000,-
 - Framlag sveitarfélaga með > 1.000 íbúa kr. 20.000,-

6. Önnur mál

- Fundinum bornar kveðjur
- Skarphéðinn G. Þórisson baðst aflausnar sem fulltrúi í svæðisráði Vatnajökulshjóðgarðs. Þórhallur Þorsteinsson gefur kost á sér og er það samþykkt. Litið til bandarískra þjóðgarða sem fyrirmyndar.
- Ályktanir og áskoranir:
 - a. Veiðar á friðuðum fuglum – fálkar og fleiri fuglar fundist skotnir. Brýnt að auka eftirlit með veiðum friðaðra fugla. Mikilvægt að hafa alla hagsmunaaðila með í umræðunni.
 - b. Nauðsynlegt að skora á Dómsmálaráðuneytið að endurskoða skotveiðilög.
 - c. Friðlýsingar. Ýta á stjórnvöld að vinna frekar að friðlýsingum.
 - d. Ítreka að landeigendur gæti að girðingum með velferð hreindýra í huga
 - e. Náttúruvernd – hvetja stjórnvöld til forvarna á fjölförnum og viðkvæmum ferðamannastöðum.

Ályktanir samþykktar og fráfarandi formanni falið að ganga frá þeim og birta.

Kaffihlé

Heimildamyndin Baráttan um landið var sýnd og vakti mikla athygli enda vönduð mynd.

Fundargerð ritaði Kristín Jónsdóttir, *NAUST*

